

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2016, þriðjudaginn 31. maí var haldinn 93. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:18. Viðstödd voru: Óttarr Guðlaugsson, Kristín Sigurey Sigurðardóttir, Haraldur Finnsson og Berghildur Erla Bernharðsdóttir. Einnig voru viðstaddir: Sigurður Ingi Jónsson áheyrnarfulltrúi og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdarstjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Fundarritari var Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri ÞÁG.

Þetta gerðist:

1. Magnús Guðmundsson kynnti verkefni sitt Stafræn húðflúr en Magnús sækir um styrk úr forvarnasjóði Reykjavíkurborgar. Samþykkt að veita styrk að fjárhæð 250.000- til að fræða nemendur á unglingastigi um ábyrga samskiptamiðlanotkun.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggja fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals óskar jafnframt eftir því að Magnús Guðmundsson haldi námskeið um sama efni fyrir kennara og foreldra. Óskar hverfisráð eftir heimild til þess að nýta afgang forvarnarsjóðs hverfisins.

- Kl. 17:20 tekur Berghildur Erla Bernharðsdóttir sæti á fundinum.
2. Leiksvæðið við Reynisvatnsás – Haukdælabraut 86-92.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggja fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals lýsir yfir áhyggjum með skoðun og tillögu USK varðandi leiksvæði í Reynisvatnsás í stað þess að bæta fyrir þau mistök að skipuleggja ekki leiksvæði í Reynisvatnsás fyrir börn, er tillaga að gera leiksvæði í útjaðri hverfisins fyrir yngstu börnin. Slík svæði eiga að mati íbúa og hverfisráðsins að vera sem næst miðju hverfisins. Nú hefur USK haft rúm 2 ár til að undirbúa og koma fyrir leiksvæði. Það er skýrlaus krafa hverfisráðs að fundinn verði staður fyrir leiksvæði í miðju hverfisins og að hafist verði handa við að standsetja leikvöllinn eins fljótt og verða má. Ef ekki reynist unnt að finna leiksvæðinu betri stað þá er þessi staður þó betri en enginn.

3. Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggja fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals lýsir yfir mikilli ánægju með forvarnarfræðslu Samtal við foreldra sem haldin var fyrir fullu húsi 9.maí sl. í Sæmundarskóla.

Fundi slitið kl. 17.22

Óttarr Örn Guðlaugsson

Berghildur Erla Bernharðsdóttir
Haraldur Finnsson

Kristín Sigurey Sigurðardóttir